

From: Ómar Einarsson
To: Helga Björnsdóttir
Subject: FS: Golfklúbbur Brautarholts
Date: þriðjudagur, 4. janúar 2022 11:15:03

Frá: Brautarholt Golf <gbr@gbr.is>
Sent: fimmtudagur, 9. desember 2021 13:35
Til: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>
Afrit: Hjálmar Sveinsson <Hjalmar.Sveinsson@reykjavik.is>; Paweł Bartoszek <Paweł.Bartoszek@reykjavik.is>; Líf Magneudóttir <Lif.Magneudottir@reykjavik.is>; Ellen Jacqueline Calmon <Ellen.Jacqueline.Calmon@reykjavik.is>; Katrín Atladóttir <Katrín.Atladottir@reykjavik.is>; Baldur Borgþórsson <Balduð.Borgþorsson@reykjavik.is>; Jórunn Pála Jónasdóttir <Jorunn.Pala.Jonasdottir@reykjavik.is>
Efni: Golfklúbbur Brautarholts

Sæll Ómar,

Við hjá Golfklúbbi Brautarholts viljum upplýsa Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð að við höfum hafið stækkan á golfvellinum í Brautarholti úr 12 holum í 18 holur. Við viljum líka upplýsa að félagsmönnum okkar hefur fjölgæð verulega, í ár eru félagar okkar 771 og við reiknum með frekari fjölgun á komandi árum.

Við lesum á heimasiðu Golfklúbbs Reykjavíkur, í bréfi frá fráfarandi formanni GR, að verið er að ganga frá samning við Reykjavíkurborg um fjármögnun á byggingu inniaðstöðu og endurbótum á golfvellinum í Grafarholti. Golfkúbbur Brautarholts óskar eftir upplýsingum um innihald og umfangs þessa væntanlega samnings Reykjavíkur og GR.

Við vekjum athygli á að það eru fleiri golfklúbbar í Reykjavík. Golfvöllurinn í Brautarholti nýtur vaxandi vinsælda hjá golfurum og hefur fengið alþjóðlega athygli fyrir gæði og árangur í umhverfismálum.

Golf World setur Brautarholt í sæti 78 yfir bestu golfvelli í Evrópu. Brautarholt er eini íslenski golfvöllurinn sem kemst inn á þennan lista. Sjá umfjöllun tímaritsins Today Golfer, stærsta golftímarits Bretlands hér. <https://www.todaysgolfer.co.uk/courses/best/golf-courses-in-europe/?fbclid=IwAR1AVaMcNsSyy9b593wfX3IU58coxTsgdHWDWcOmVhscVq2LPJVXUxf8sAw>

Jafnframt vekjum við athygli á að sjónvarpstöðin CNN var í haust með umfjöllun um Brautarholt og þau skref sem við erum að stíga í umhverfismálum.

<https://app.frame.io/presentations/c04574c8-e28b-40b9-bd12-8953ca975b4d>

Með kveðju.

Gunnar Páll Pálsson

Framkvæmdastjóri
Golfklúbbur Brautarholts
Sími: 895-5343
www.gbr.is

